



MINNISBLAÐ

Móttakandi: Bæjarráð/Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar.
Varðandi: Reglur um úthlutun búseturéttaríbúða í Stykkishólmi
Málsnúmer: 2001017
Dags.: 20.01.2020
Málefni: Minnisblað bæjarstjóra varðandi reglur um búseturétt.

Á lista yfir umsækjendur um búsetaréttaríbúðir eru um 16 umsóknir frá umsækjendum með lögheimili í Stykkishólmi og 4 umsóknir með lögheimili utan Stykkishólms. Í upphafi árs 2015 þá voru 8-10 umsóknir á listanum og algengt að umsækejndur afþökkuðu íbúð og færust aftast í röðina. Þegar mest var á fyrrihluta árs 2018 voru umsækjendur yfir 20. Eins og staðan er í dag varðandi þá umsækjendur sem liggja fyrir má reikna með, án þess að hafa neitt fyrir sér í þeim efnum nema sjálfstætt mat á fyrirbyggjandi umsóknum, að allstór hluti umsækjenda í dag ætli sér að þiggja íbúð þegar röðin kemur að þeim. Það er hins vegar ekkert víst í þeim efnum.

Hafni umsækjandi sem er næstur í röðinni þeirri íbúð sem stendur til þá til boða færast viðkomandi aftast í röðina, óháð stærð íbúðar og hentugleika, skv. núgildandi reglum. Má því ætla að fólk sem er næst í röðinni þurfi þess að gjalda ef ekki losnar íbúð sem þeim hentar og það þurfi því að afþakka og færast aftast í röðina. Því má velta fyrir sér hvort þessu fyrirkomulagi mætti haga betur með bættum og skýrari reglum.

Undirritaður leggur því til að skipaður verði starfshópur með það hlutverk að endurmóta reglur um búseturéttaríbúðir í Stykkishólmi. Starfshópurinn gæti til að mynda verið skipaður af formönnun öldungaráðs og velferðar- og jafnréttismálanefndar, æskulýðs- og tómstundafulltrúa og bæjarritara. Þeim innan handar yrði aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Með minnisblaði þessu fylgir yfirlit yfir búseturéttaríbúðir í Stykkishólmi að Skólastíg 14a og 16 þar sem m.a. kemur fram stærð og fjöldi íbúða.

Virðingarfyllst,
Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri